

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um auglýsingar og auglýsingagerð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. sjö ár?*
2. *Hefur auglýsingagerðin verið boðin út?*
3. *Hver er kostnaðurinn af þessum auglýsingum, aðgreint eftir árum, hjá hvorum aðila fyrir sig?*

Auglýsingastofan Gott fólk, kt. 450788-1209, Lágmúla 6, 128 Reykjavík, hefur annast auglýsingar og auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins og Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa sl. sjö ár.

Auglýsingar og auglýsingagerð hafa ekki verið boðnar út af hálfu stofnunarinnar.

Auglýsingakostnaðurinn aðgreinist á eftirfarandi hátt:

| | Auglýsingagerð | Birtingar | Samtals |
|-------------|-----------------------|------------------|----------------|
| 1992 | 11.167.821 | 27.399.612 | 38.567.433 |
| 1993 | 9.971.576 | 18.517.937 | 28.489.513 |
| 1994 | 13.375.766 | 22.195.334 | 35.571.100 |
| 1995 | 15.903.875 | 30.546.117 | 46.449.992 |
| 1996 | 13.208.557 | 36.063.661 | 49.272.218 |
| 1997 | 15.289.699 | 27.671.063 | 42.960.762 |
| 1998 | 14.426.468 | 17.066.412 | 31.492.880 |
| | 93.343.762 | 179.460.136 | 272.803.898 |

Undir liðnum auglýsingagerð er allur aðkeyptur kostnaður, svo sem prentun, kvikmyndagerð, ljósmyndun, filmur og allur annar kostnaður frá hendi þriðja aðila. Tölur um auglýsingagerð og birtingar eru með virðisaukaskatti.